

Stytting náms til stúdentsprófs

Menntamálaráðherra, Tómas Ingi Olrich, hefur lagt fram [skýrslu](#) menntamálaráðuneytisins um styttingu námstíma til stúdentsprófs. Í skýrslunni er lagt til að námstími til stúdentsprófs verði stuttur um eitt ár. Það verði gert með því að fækka prófdögum úr 30 í 25 að hámarki og að kennsluárið verði lengt um 5 daga þannig að í heild fjölgi kennsludögum um 10 frá því sem nú er. Með þessu móti yrði klukkustundum sem varið er til kennslu til stúdentsprófs fækkað úr 2.707 í 2.170 eða um 20%. Skýrsluna er að finna á rafrænu formi á vef ráðuneytisins.

Frekari undirbúningur

Ráðist er nú í enn frekari undirbúning að styttingu námstímans. Ástæður þess eru þær helst að með því að stytta námstímann um eitt ár yrði almennur rammi um grunn- og framhaldsskólanám hér á landi ekki verulega frábrugðinn því sem tíðkast í helstu samburðarlöndum okkar. Stytting námstímans flýtur fyrir því að nemendur geti tekist á við markvissan starfsundirbúning á háskólastigi, kostnaður nemenda og foreldra þeirra vegna skólagöngunnar yrði minni og ungt fólk kæmist fyrr út á vinnumarkaðinn. Einnig eru vonir bundnar við að stytting námstímans dragi úr brottfalli úr íslenskum framhaldsskólum.

Endurskoðun Aðalnámsskrár

Með endurskoðun á skipulagi náms til



Á myndinni eru frá vinstri: Stefán Baldursson, skrifstofustjóri, Guðmundur Arnason, ráðuneytisstjóri, Tómas Ingi Olrich, menntamálaráðherra og Oddný Harðardóttir, verkefnisstjóri.

stúdentsprófs er stefnt að því að íslenskir framhaldsskólar geti sinnt uppeldis- og menntunarhlutverki sínu gagnvart nemendum á þremur árum og að námskröfur til stúdentsprófs verði engu minni en í samburðarlöndum okkar. Samhliða styttingu námstíma til stúdentsprófs þarf að huga að skipan starfsmenntunar í framhaldsskólum.

Umræðing og næstu skref

Menntamálaráðuneytið vill gefa almenningi og fagaðilum eins mikið vægi í ákvarðanartöknunni eins og mögulegt er. Í því augnamiði er umræðing háð á [menntagatt.is](#). Á umræðingunni geta þátttakendur viðráð skoðanir sínar og hugmyndir er lúta að

hugsanlegri styttingu námstíma til stúdentsprófs.

Starfshópar vinna að einstökum málaflökum þ.e. námskrár- og gæðamálum, fjármálum og starfsmannamálum tengdum styttingu námstímans. Gert er ráð fyrir að starfshóparnir skili niðurstöðum sínum fyrir lok ársins 2003. Í störfum sínum meta þeir og útfæra nánar tillögur sem settar eru fram í skýrslu menntamálaráðuneytisins um styttingu námstímans og vinna úr umsögnum um hana og hugmyndum sem settar eru fram á umræðingunni. Menntamálaráðuneytið hvetur til þátttöku í umræðingunni á [menntagatt.is](#) um styttingu námstíma til stúdentsprófs.

Undanfarin ár hefur stytting námstíma til stúdentsprófs verið meðal stefnumiða íslenskra stjórnvalda. Í skýrslu nefndar um mótun menntastefnu sem gefin var út árið 1994 var meðal annars lagt til að námstími til stúdentsprófs yrði þrjú ár í stað fjögurra. Snemma árs 1998 kynnti þáverandi menntamálaráðherra nýja skólastefnu þar sem þriggja ára nám til stúdentsprófs var meðal markmiða. Í ársbyrjun 2002 efndi menntamálaráðuneytið til málþings um hugsanlega styttingu námstímans og í kjölfarið var skipuð verkefnisstjórn til að gera úttekt sem gæfi forsendur til að taka ákvörðun um hvort, og þá hvernig, ætti að stytta námstíma til stúdentsprófs.

Samstarf háskóla og rannsóknastofnana - Ný áhersla í Bologna ferlinu -

Nýverið sat Tómas Ingi Olrich, menntamálaráðherra, þriðja ráðherrafund í [Bologna-ferlinu](#) um samstarf æðri menntastofnana í Evrópu, sem undirrituð var 1999.

Fundurinn var haldinn í Berlín og samþykktu ráðherrarnir yfirlýsingu þar sem þeir endurnýjuðu ásetning sinn um að stefna að auknu samstarfi fram til 2010, en þá á markmiðum Bologna-yfirlýsingarinnar að vera náð.

Farið var yfir það sem náðst hefur af markmiðunum frá árinu 1999 og má þar t.d. nefna að í mörgum löndum sem áður höfðu ekki tveggja þrepa gráðukerfi, þ.e. BA og MA gráður, hefur það verið innleitt eða innleiðslan er í undirbúningi. Í Berlín var ákveðið að doktorsgráða yrði þriðja þrep í gráðukerfinu sem Bologna-ferlið fjallar um. Þar var einnig bætt inn nýju áhersluatriði sem þessu tengist þ.e. efling samstarfs milli æðri menntastofnana og rannsóknastofnana.

Í ávarpi sínu á fundinum lagði Tómas Ingi Olrich einkum áherslu á þrjú atriði í yfirlýsingunni:

Um hreyfanleika nemenda og kennara milli

landa sagði ráðherra m.a. að tengja mætti hann menningarlegri fjölbreytni í Evrópu, en menningarleg fjölbreytni væri vannýtt auðlind. Ráðhera sagði að á Íslandi væri löng hefð fyrir því að stúdentar leituðu til annarra landa til náms og þótt háskólastigið hefði vaxið mjög undanfarin ár ríkti ennþá fullur skilningur á mikilvægi þess að kynna menningu og menntun erlendis enda væru um 15% íslenskra háskólanema við nám utan Íslands. Væri það mikill styrkur fyrir íslenskar menntastofnanir að fá til starfa fólk sem sótt hefði menntun sína til ólíkra landa.

Ráðherra fagnaði því að Berlínaryfirlýsingin skuli leggja áherslu á aukið samstarf milli æðri menntastofnana og rannsóknastofnana og að ákveðið hafi verið að gera doktorsnám hluta af Bolognaferlinu. Þessi tenging styrki rannsóknir í Evrópu og þar liggja hornstein samkeppnishæfni álfunnar og grunnur nýsköpunar og framfara á okkar tímum.

Loks lagði ráðherra áherslu á mikilvægi símenntunar, sem ekki sé lengur aðeins æskileg heldur nauðsynleg öllum. Símenntun sé grundvallaratriði í grunnmenntun í þjóðfélagi þar sem breytingar eru mjög hraðar og aðlögun, sveigjanleiki, endurnýjun og nýsköpun nauðsyn til að komast af sagði Tómas Ingi Olrich, menntamálaráðherra.

Endanlegur texti Berlínaryfirlýsingarinnar liggur ekki fyrir, þar sem nokkrar breytingar voru gerðar á fundinum, en hann verður

þýddur og birtur á vef ráðuneytisins.

Fyrir Berlínarfundinn áttu 33 lönd aðild að Bologna ferlinu, en á honum bættust 7 í hópinn, fjögur í Suðaustur-Evrópu, og auk þess Rússland, Andorra og Páfagarður.



Evrópuár fræðslu og íþróttarárið 2004

Á grundvelli ályktunar Evrópuþingsins ákvað [Evrópusambandið](#) að árið 2004 verði „[Evrópuár fræðslu og íþróttarárið](#)“, (European Year of Education through Sport), en það er árið sem Ólympíuleikarnir verða haldnir í Aþenu. Menntamálaráðuneytið hefur tilkynnt þátttöku Íslands. Alls eru 31 þjóðir skráðar til þátttöku í margvíslegum verkefnum sem tengjast Evrópuári fræðslu og íþróttarárið. Meginmarkmið með árinu er að hvetja til samstarfs milli aðila og stofnana á sviði mennta- og íþróttamála til að stuðla að auknu heilbrigði og aukinni fræðslu um gildi hreyfingar.

Nánari upplýsingar er að finna á <http://europa.eu.int/scadplus/leg/en/lvb/l35008.htm>

